

Alþingi  
Erindi nr. **P** 130/668

komudagur 29. 12. 2003

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –

Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 23. desember 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

**Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.**

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson  
framkv.stjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 139/887  
komudagur 28.1.2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 14. jan. s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu vikum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fara á eftir þær ályktanir sem stjórnin gerði og sendast þær hér með.

31. mál.

Tillaga til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Stjórn F.V. varar við einhliða friðun án undangenginna rannsókna. Stjórn F.V. telur að fyrst þurfi að fara fram rannsóknir og niðurstöður þeirra skuli liggja til grundvallar hugsanlegri friðun svæða á hafsbotni. Stjórn F.V. getur því ekki mælt með tillögunni eins og hún liggur fyrir.

Stjórn F.V. hvetur hins vegar til þess að rannsóknir á lífríki hafsins séu elfdar svo sem kostur er.

24. mál.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla.

Stjórn F.V. mælir með tillögunni. Jafnframt bendir stjórnin á þau tilmæli í Byggðaaætlun Vestfjarða að séu settar á fót nýjar stofnanir á vegum hins opinbera skuli þeim fundinn staður á landsbyggðinni.

Með stofnun háskólaþess á Ísafirði væri hægt að fá því verkefni á borð við það sem tillagan gerir ráð fyrir.

35. mál.

Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.

Stjórn F.v. mælir með tillögunni og telur að fyllsta ástæða sé til að styðja við aukið forvarnarstarf.

91. mál

Frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Stjórn F.V. tekur ekki afstöðu til frumvarpsins en telur þörf á samræmingu reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þar sem þær reglur eru afar mismunandi milli sveitarfélaga.

45.mál.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Stjórn F.V. tekur undir að samræma þarf byggðaaðgerðir og vinna að þeim eftir fyrirframgerðum áætlunum. Stjórnin minnir á vestfirska byggðaaáætlun og nauðsyn markvissra aðgerða.

30.mál.

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnrlögum.

Stjórn F.V. telur ekki tímabært að setja reglur um lágmarksfjölda íbúa meðan nefnd er að störfum á vettvangi Sambands sveitarfélaga sem vinnur að tillögum um stækkun sveitarfélaga .

Mál 307.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum.

Stjórn F.V. telur að heildarsamræmingu þurfi á réttindum og skyldum allra starfsmanna bæði í opinberri þjónustu og einkarekstri. Á þessu stigi sé því ekki rétt að taka eitt atriði út úr lögnum.

X Mál 306.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Stjórn F.V. telur eðlilegt að samræmi sé milli fyrirtækja í greiðslu fasteignaskatta  
Stjórn F.V. telur það horfa til bóta að orkufyrirtækin greiði fasteignaskatt af húseignum eins og önnur fyrirtæki.

Mál 305.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Stjórn F.V. styður afgreiðslu frumvarpsins þar sem hér er um að ræða hækkun á stofnstyrkjum til að koma á fót hitaveitu til húshitunar.

Þannig bókað á fundi í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 14. janúar 2003.

Virðingarfyllt.

Ísafirði 15. janúar 2003.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



---

Aðalsteinn Óskarsson.

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Tilv. vor 98.11

Dags. 09.12.2003

Efni: **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál**

Landsvirkjun hefur borist bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 01.12.2003, ásamt frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál. Óskað var umsagnar fyrirtækisins eigi síðar en 6. janúar 2004. Nú hefur verið ákveðið að flýta meðferð frumvarpsins í þinginu og er því tími til undirbúnings umsagnar skemmri en gert var ráð fyrir og kann hún að mótast nokkuð af því.

Í 2. málsgrein III. kafla athugasemda við frumvarp þetta er tekið fram að í frumvarpinu sé lagt til að ákvæði laga um raforkuver og laga um Landsvirkjun hvað varði skyldu til greiðslu fasteignaskatts verði gert að almennri reglu fyrir öll orkufyrirtæki í landinu sem starfa á grundvelli sérlag eða hafa fengið einkaleyfi til starfsemi sinnar. Ákvæðið sé skýrt og gangi skemur i að undanþiggja orkufyrirtæki skyldu til greiðslu fasteignaskatta en ákvæði annarra sérlaga. Frumvarpinu sé á hinn bóginn ekki ætlað að hrófla við þeim almennu reglum sem gilda um fasteignaskatta og fasteignamat mannvirkja í eigu orkufyrirtækja.

Að teknu tilliti til ofangreindrar athugasemdar gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það er orðað enda leiði það ekki til aukinna útgjalda fyrir fyrirtækið.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson  
forstjóri



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**Umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til laga um breytingu á  
ýmsum lögum á orkusviði, 306 mál.**


**Almennt um frumvarpið.**

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar og gerir ekki athugasemdir við það. Með frumvarpinu telur Norðurorka að verið sé að samræma skattlagningu á veitufyrirtæki í landinu.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.**

Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,  
Akureyri 9. desember 2003.  
Fh. Norðurorku hf.

  
\_\_\_\_\_  
Franz Arnason forstjóri.

Sent í tölvupósti og jafnframt póstlagt.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/566*  
*komudagur 9.12.2003*

Reykjavík, 7. desember 2003.

Til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.**

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur með bréfi dags. 1. desember s.l. óskað umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Þær lagabreytingar sem frumvarpið fjallar um og snerta Orkuveitu Reykjavíkur eru annars vegar breytingar á orkulögum nr. 58/1967 og lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001.

Við setningu orkulaganna 1967 var ákveðið sbr. 80. gr. laganna að Orkustofnun, Rafmagnsveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og jarðboranir ríkisins skyldu undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar og bæjarfélaga. Með breytingu á orkulögum 2001, sbr. lög 78/2001 var eftirfarandi ákvæði bætt við 80. gr. orkulaganna. "*Sama á við um hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um í IV. og V. kafla laga þessara.*"

Á grundvelli þessarar lagabreytingar taldi Orkuveita Reykjavíkur sér hvorki heimilt né skylt að greiða fasteignaskatt af eignum sínum til sveitarfélaga. Var sveitarfélögunum tilkynnt um þessa afstöðu fyrirtækisins og óskað endurgreiðslu ofgreiddra fasteignarskatta frá gildistöku laga 78/2001. Sveitarfélögin mótmæltu mörg lagaskilningi Orkuveitunnar og neituðu að fella niður fasteignaskatta fyrirtækisins og að endurgreiða áður greidd gjöld. Í ljósi þeirra viðbragða sem þessi ákvörðun sætti meðal sveitarstjórnarmanna og yfirlýsinga þingmanna um að um mistök við lagasetningu hafi verið að ræða árið 2001 samþykkti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eftirfarandi á fundi sínum 21. október s.l.:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að ganga til samninga við þau sveitarfélög sem Orkuveitan starfar í um greiðslu fasteignaskatta árána 2001, 2002 og 2003 enda þótt lög kveði á um annað. Iðnaðarráðherra hefur boðað flutning frumvarps þess efnis að öll orkufyrirtæki í landinu skuli greiða fasteignaskatt.*

*Í trausti þess að það frumvarp nái fram að ganga telur stjórn Orkuveitu Reykjavíkur eðlilegt að greiða fasteignaskatta til þeirra sveitarfélaga sem fyrirtækið starfar í.*

Fumvarp það sem hér er til umfjöllunar staðfestir að lagaskilningur Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið réttur og er jafnframt í samræmi við það sem iðnaðarráðherra hafði tilkynnt og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafði ákveðið að taka tillit til. Því er ekki ástæða til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins eða mæla gegn samþykkt þess.

Eftir að lög voru sett um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur árið 2001 hafa nokkrar breytingar orðið á eignarhaldi fyrirtækisins. Garðabær og Hafnarfjarðarkaupstaður sem voru meðal stofnenda sameignarfyrirtækisins hafa með samþykki annarra eigenda selt fyrirtækinu sinn eignarhlut og eru eigendur nú fjórir í stað sex áður. Breyting þessi hefur í för með sér breytta eignarhlutdeild hvers eiganda.

Þá hafa raforkulögin nr. 65/2003 breytt fyrirkomulagi gjaldskrármála sem leiðir til þess að nauðsynlegt er að breyta 6. gr. laganna. Rétt er að óska eftir við Alþingi að eftirtaldar breytingar verði nú gerðar á lögum 139/2001.

1. Heiti laganna verði: Lög um Orkuveitu Reykjavíkur.
2. 1. mgr. 1. gr. laganna hljóði svo:  
Sameignarfyrirtækið Orkuveita Reykjavíkur tók til starfa 1. janúar 2002 og yfirtók frá þeim degi allar eignir og skuldir, réttindi og skyldur borgarstofnunarinnar Orkuveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsársvirkjunar, Hitaveitu Borgarness og eignarhluta Akranesbæjar, Borgarbyggðar og Borgarfjarðarsveitar í Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík, en heimilt er að starfrækja útibú á öðrum stöðum. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Á Reykjavíkurborg 93,539 % eignarhluta í fyrirtækinu, Akraneskaupstaður 5,528%, Borgarbyggð 0,761% og Borgarfjarðarsveit 0,172%. Heimilt er að sameina Orkuveitu Reykjavíkur við sambærilega starfsemi annarra sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila eða félaga í þeirra eigu
3. 1. og 2. mgr. 6. gr. laganna hljóði svo:  
Stjórn sameignarfyrirtækisins setur gjaldskrár um verð á seldri orku og vatni til notenda.  
Gjaldskrár fyrir dreifiveitu rafmagns skal sett samkvæmt 17. gr. raforkulaga nr. 67/2003. Gjaldskrá dreifiveitu öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá heits vatns, sem selt er á grundvelli 30. gr. orkulaga nr. 58/1967, öðlast eigi gildi fyrr en hún hefur verið staðfest af iðnaðarráðherra og birt í Stjórnartíðindum. Aðrar gjaldskrár heits vatns og rafmagns, sem samþykktar eru af stjórn Orkuveitu Reykjavíkur öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá vatnsveitu skal byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991.

Hjörleifur B. Kvaran, hrl.,  
framkvæmdastjóri lögfræðisviðs OR.



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/563*  
*komudagur 9.12.2003*



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

TILVITNUN YÐAR

BRÉF YÐAR

TILVITNUN VOR

DAGSETNING

LBI/TPH/hþ  
00-21

08.12.2003


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.**

Rafmagnsveitum ríkisins hafa borist ofangreint frumvarp til umsagnar.

Rafmagnsveiturnar hafa um árabíl beitt sér fyrir því að fyrirtækinu verði heimilað að greiða fasteignagjöld til sveitarfélaga af húseignum sínum. Hefur núverandi staða mála ítrekað valdið vandamálum í samskiptum fyrirtækisins við sveitarstjórnir sem talið hafa sig hlunnfarnar af gildandi reglum.

Rafmagnsveiturnar fagna því framkomnu frumvarpi og hafa engar athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst,

  
Triggvið P. Haraldsson  
rafmagnsveitustjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 130/539  
komudagur 8.12.2003

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Iðnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Elínar V. Þorsteinsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 5. desember 2003

Sam 341/2003 ÞS/sp  
Tilv.: 215,0

### Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fjallað um bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 1. desember 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál

##### Afstaða sambandsins og samantekt

Samband íslenskra sveitarfélaga leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd. Stjórnin leggur áherslu á að tekið verði tilliti til eftirfarandi tillagna en jafnframt á að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst í þeirri mynd.

Í stuttu máli byggist framangreind afstaða fyrst og fremst á því að frumvarpið felur í sér að skylda ákveðinna orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatts sem afnumin var 2001 vegna misstaka, er ekki komið á aftur nema að hluta til og með því móti eru hagsmunir sveitarfélaga skertir. Markmið frumvarpsins um að leiðrétta umrædd mistök verður því ekki náð. Auk þess felur frumvarpið ekki í sér samræmingu á fasteignaskattsskyldu orkufyrirtækja í því mæli sem stefnt er að og vekur upp fjölmörg álitamál vegna óskýrleika þar um.

##### Almennt

Frumvarp það sem til umsagnar er hefur einkum það tvennt að markmiði að samræma skattskyldu orkufyrirtækja og að leiðrétta ákveðin mistök sem fólust í samþykkt 3. gr. laga nr. 78/2001 um breyting á 80. gr. orkulaga nr. 58/1967. Þessu til staðfestingar er vísað til framsöguræðu iðnaðaráðherra vegna frumvarpsins og almennra athugasemda í greinargerð með frumvarpinu.

Núverandi gerð frumvarpsins felur ekki í sér að framangreindum markmiðum verði náð og því er nauðsynlegt að tekið verði tillit til eftirfarandi athugasemda.

Nauðsynlegt er að rekja forsögu málsins stuttlega í upphafi. Ákvæði 3. gr. laga nr. 78/2001 hafði það eitt að markmiði að tryggja að raf- og hitaveitur í eigu opinberra aðila gætu breytt rekstrarfyrirkomulagi sínu til einkarekstrar, án þess að niður félli skattaundanþága skv. 1. og 2. tl. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003 (áður nr. 75/1981). Í breytingunni fólst hins vegar að hita- og/eða rafveitur með einkaleyfi skv. orkulögum voru undanþegnar tekjuskatti, útsvari, aðstöðugjaldi, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga. Með öðrum orðum þá voru fyrirtækin ekki einungis undanþegin tekjuskatti og eignarskatti heldur öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

Áhrif þessara mistaka fyrir sveitarfélög eru þau að ákveðin orkufyrirtæki sem höfðu fulla og ótakmarkaða skattskyldu á fasteignaskatti, vegna allra fasteigna sem metnar eru fasteignamatí, urðu undanþegin fasteignaskatti. Jafnframt fól breytingin í sér að þessi fyrirtæki eru undanþegin greiðslu skatta til sveitarfélaga samkvæmt gildandi löggjöf á hverjum tíma.

Efni frumvarpsins sem til umsagnar er felur ekki í sér að umrædd mistök verði leiðrétt heldur verður fasteignaskattsskylda þrengd umtalsvert frá því sem var fyrir samþykkt 3. gr. laga nr. 78/2001. Fasteignaskattsundanþágu verður aðeins aflétt vegna húseigna orkufyrirtækjanna að því er virðist. Sveitarfélög munu því verða af miklum tekjum af fasteignaskatti af orkufyrirtækjum, sem 3. gr. laga nr. 78/2001

hafði áhrif á, frá því sem væri ef skattundanþágum yrði breytt í samræmi við stöðu fyrirtækjanna fyrir gildistöku 3. gr. laga nr. 78/2001.

Markmið frumvarpsins um að auka samræmi í skattaundanþágum orkufyrirtækja næst illa. Ljóst er þó að það eðlilega samræmi næst að víðtæk fasteignaskattundanþága RARIK og Orkubús Vestfjarða verður endurskoðuð þannig að a.m.k. húseignir fyrirtækjanna verði fasteignaskattskyldar og að samræmi í stimpilgjaldsundanþágu orkufyrirtækja verður aukið.

Efni frumvarpsins felur hins vegar ekki í sér að samræmi verði í fasteignaskattskyldu orkufyrirtækja jafnvel þótt að því sé haldið fram með berum orðum í frumvarpinu. Þannig er ljóst að orkufyrirtæki sem frumvarpið tekur til eiga einungis að greiða fasteignaskatta af húseignum á meðan fyrirtæki eins og Landsvirkjun greiða nú fasteignaskatt af húseignum, lóðum, jörðum og að því er virðist í raun af öllum fasteignum sem metnar eru samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001.

Eins er ljóst að sú lagatæknilega aðferð að ætla að breyta ákvæðum fjögurra laga á orkusviði til þess að leiðrétta misstök sem gerð voru í breytingu einum lögum, orkulögum nr. 58/1967 er varhugaverð og til þess fallin að valda vafa. Sérstaklega er bent á að skattaundanþáguákvæði þeirra sérlaga um orkufyrirtæki sem breyta á eru mismunandi, t.a.m. er í sumum fjallað um undanþágu frá sköttum en í öðrum frá gjöldum. Ljóst er því að það er til þess fallið að valda frekari vafa um inntak hverra skattaundanþágu að breyta þeim öllum í stað þess að láta nægja að breyta einungis 80. gr. orkulaga. Þar sem ljóst er að heildarendurskoðun á skattalegri stöðu raforkufyrirtækja stendur nú yfir, er hægt að una við þá aðferðarfræði sem notuð er í frumvarpinu, enda verði efni þess breytt á þann veg að sem minnst röskun verði á stöðu sveitarfélaga frá því sem var fyrir gildistöku 3. gr. laga nr. 78/2001.

### **Tillaga um leiðréttingu á undanþágu frá greiðslu skatta til sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga nr. 78/2001 um breyting á 80. gr. orkulaga og aukið samræmi í skattskyldu orkufyrirtækja vegna fasteignaskatta.**

Í umsögn þessari eru lagðar til tvær aðferðir til þess að breyta frumvarpinu í samræmi við yfirlýst markmið þess. Hvatt er til þess að sú fyrri verði tekin til greina en að öðrum kosti og í ljósi mikilvægis þess að frumvarpið verði afgreitt sem fyrst, verði frumvarpinu breytt í samræmi við síðari tillöguna.

#### **I.**

Fyrri aðferðin til að bæta frumvarpið byggir á þeirri einföldu leið að breyta 80. gr. orkulaga þannig að hún hafi ekki önnur áhrif en gert var ráð fyrir samkvæmt lögum nr. 78/2001, þ.e. að tryggja að hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi skv. orkulögum geti breytt rekstrarfyrirkomulagi sínu til einkarekstrar án þess að breyting verði á skattskyldu vegna tekjuskatts og eignarskatts. Jafnframt hefur verið tekið mið af þeim samræmingarmarkmiðum núverandi frumvarps að RARIK og Orkubú Vestfjarða greiði fasteignaskatta á sama hátt og önnur orkufyrirtæki sem og að hitaveitur og rafveitur sem hafa einkaleyfi skv. orkulögum verði undanþegar stimpilgjaldi á sama hátt og orkufyrirtæki sem sérlög gilda um t.d. RARIK, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja hf. og Norðurorka hf.

Samkvæmt tillögunni verður skattskylda fasteignaskatts hitaveitna og rafveitna sem var breytt með 3. gr. laga nr. 78/2001 í fullu samræmi við stöðu þeirra fyrir breytinguna. Skattskylda þessara fyrirtækja, þ.e. hita og rafveitna í eigu sveitarfélaga, og Landsvirkjunar verður lögð til grundvallar við samræmingu á skattskyldu RARIK og Orkubús Vestfjarða.

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á 80. gr. orkulaga. **Orkustofnun, Rafmang sveitur ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og jarðboranir ríkisins eru undanþegnar tekjuskatti, eignarskatti, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis og sveitarfélaga, nema fasteignaskatti. Hitaveitur og/eða rafveitur sem hafa einkaleyfi til starfsemi sem kveðið er á um í IV. og V. kafla laga þessara eru undanþegnar tekjuskatti, eignarskatti og stimpilgjöldum.**

Lagt er til að breyting verði gerð á lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40/2001, þannig að við 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: **Þó skal Orkubú Vestfjarða hf. greiða til sveitarfélaga fasteignaskatt.**

Ekki þarf að breyta fleiri lögum ef þessi leið verður fyrir valinu enda óþarft.

## II.

Síðari tillagan til breytinga á frumvarpinu tekur nánara mið af þeirri aðferðarfræði sem frumvarpið byggir nú á. (þ.e. að breyta öllum lögnum – til öryggis!!!) Uppsetning tekur mið af uppsetningu núverandi lagafrumvarps og eru nýmæli skáletruð.

### **Breyting á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þó skulu aðilar skv. 1. og 2. mgr. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af *fasteignum* í eigu þeirra samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

### **Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja, nr. 10 19. mars 2001, með síðari breytingum.**

2. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýr málslíður, er verður 2. málsl., svohljóðandi: Þó skal Hitaveita Suðurnesja hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af *fasteignum* félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

### **Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Norðurorku, nr. 159 20. desember 2002, með síðari breytingum.**

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal Norðurorka hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af *fasteignum* félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

### **Breyting á lögum um stofnun hlutafélags um Orkubú Vestfjarða, nr. 40 30. maí 2001, með síðari breytingum.**

4. gr.

Við 12. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þó skal Orkubú Vestfjarða hf. greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af *fastignum* félagsins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

**Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139 21. desember 2001, með síðari breytingum.**

5. gr.

Við 10. gr. laganna bætist nýr málslíður, er verður 2. másl., svohljóðandi: Þó skal Orkuveita Reykjavíkur greiða til sveitarfélaga þau opinber gjöld sem gert er að greiða af *fastignum* fyrirtækisins samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

6. gr.


Lög þessi öðlast þegar gildi.



---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P** 130/586  
**komudagur** 10.12.2003



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM**  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

*Suðurnesjum, 10.01.2003*

*Nefndasvið Alþingis  
B/t Iðnaðarnefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.*

*Varðar umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál.*

*Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 9. desember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 1/12 '03 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál.*

***Stjórn SSS mælir með samþykkt frumvarpsins.***

*Þetta tilkynnist yður þér með.*

*Virðingarfyllst,*

  
*Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri*

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/570*  
*komudagur 9.12.2003*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Iðnaðarnefnd  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 9. des. 2003

Efni frumvarpsins er svo lýst í greinargerð: „Í frumvarpinu þessu er lagt til að samræmd verði sérákvæði ýmissa laga á orkusviði hvað varðar skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatta. Til þessa hafa gilt mismunandi reglur um skyldu orkufyrirtækja til greiðslu fasteignaskatts af húseignum sem hefur leitt til þess að sambærilegar eignir innan sama sveitarfélags hafa hlotið mismunandi meðhöndlun eftir því hvaða orkufyrirtæki er eigandi eignanna.“

Frumvarpinu er ætlað að tryggja jafnræði í skattalöggjöf í orkugeiranum hvað varðar skattlagningu sveitarfélaga og koma á sama skattaumhverfi og aðrar atvinnugreinar búa við. Samtök atvinnulífsins taka undir þessa stefnumörkun og treysta því að öll orkufyrirtæki verði sett undir sömu reglur í þessu tilliti.

Virðingarfyllst,

*Hannes G. Sigurðsson*

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 130/546  
komudagur 0. 7. 2003  
130/5



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. desember 2003


**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja að frumvarpið verði að lögum.

Frumvarpinu er ætlað að samræma reglur sem gilda um greiðslu fasteignaskatta orkufyrirtækja.

Það er grundvallaratriði að gæta jafnræðis í sambærilegri starfsemi. Það verður enn brýnna þegar samkeppni er milli aðila eins og gert er ráð fyrir að verði í vaxandi mæli innan orkugeirans. Núverandi fyrirkomulag brýtur gegn þessum meginreglum og þess vegna er nauðsynlegt að breyta því.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri



# SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. P 130/540

komudagur 8.12.2003

Selfossi, 5. desember 2003


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 3. desember sl., var tekið fyrir erindi, dags. 1. desember 2003, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

*Mælt er með samþykkt frumvarpsins, með þeirri breytingartillögu að inn í álagningarstofn fasteignagjalda vegna orkufyrirtækja komi öll mannvirki tengd virkjunum ásamt lendum og lóðum.*

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri

# SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/587*

*komudagur 10.12.2003*

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Hvammstanga 9. desember 2003


Málefni: Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var í dag, var frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði, 306. mál, tekið til umsagnar og eftirfarandi bókun gerð:

„Stjórn SSNV mælir með samþykkt frumvarpsins að því tilskyldu að inn í álagningarstofn fasteignagjalda vegna orkufyrirtækja komi öll mannvirki, lóðir og lendur í eigu orkufyrirtækja.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt



Bjarni Þór Einarsson,  
frankvæmdastjóri SSNV.